

Fimmtudaginn 21. maí 1992.

Nr. 221/1990. **Gunnar Örn Pétursson**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Kolbeini Sigurjónssyni

(Othar Örn Petersen hrl.).

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Endurkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1990. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar stefnufjárhæðar og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þegar stefndi ásamt Jóni Sigurðssyni gerðist sjálfskuldarábyrgðarmaður á umræddu skuldabréfi, var honum ljóst, að sjálfskuldarábyrgð þeirra var skilyrði fyrir því, að áfrýjandi tæki bréfið gilt sem greiðslu kaupverðs við sölu bifreiðar. Þeir gerðust skuldunautar hans að bréfinu ásamt útgefanda þess.

Sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda á skuldabréfinu, sem hann tókst á hendur um mánuði síðar, var til komin með sama hætti að sínu leyti, er hann notaði skuldabréfið sem greiðslu á bifreið, er hann keypti. Sönnun þess, að svo var háttað tilurð bréfsins og viðskiptum með það, lá fyrir í gögnum málsins í héraði. Er ekki um þetta deilt í málinu. Sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda, er stofnað var til með þessum hætti, skuldbatt hann in solidum með útgefanda bréfsins og fyrri sjálfskuldarábyrgðarmönnum gagnvart þeim, er síðar kynnu að eignast bréfið, en stofnaði engan rétt fyrir stefnda eða Jón Sigurðsson gagnvart áfrýjanda við endurkröfu, kæmi til þess, að á sjálfskuldarábyrgð þeirra reyndi. Raskar það ekki, eins og hér stóð á, réttarstöðu áfrýjanda gagnvart fyrri ábyrgðarmönnum á skuldabréfinu, þótt svo tækist til, að hann ritaði nafn sitt undir

sama texta sjálfskuldarábyrgðar og þeir. Ákvæði XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði standa því eigi í vegi, að áfrýjandi komi að vörnum sínum í málinu.

Samkvæmt þessu skortir lagagrundvöll til þess, að stefndi geti endurkafið áfrýjanda um nokkurn hluta þess fjár, sem hann greiddi Íslandsbanka hf., þáverandi eiganda bréfsins, er hann leysti það til sín.

Með skírskotun til þessa ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur eigi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Gunnar Örn Pétursson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kolbeins Sigurjónssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 20. mars 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. mars sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringusýslu af Kolbeini Sigurðssyni, kt. 120932-2929, Brekkuhvammi 8, Hafnarfirði, gegn Signýju Ólafsdóttur, kt. 190854-7449, Suðurgötu 16, Sandgerði, og Gunnari Erni Péturssyni, kt. 210351-4509, Markarvegi 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 29. sept. og 5. okt. 1989.

II.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

„1. Að stefnda Signý verði ein dæmd til að greiða 271.188,67 kr. auk ársdráttarvaxta skv. 9. gr., 10. gr. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 26.10. 1988 til greiðsludags. Gerð er sú krafa, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist á höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. 10. 1989, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

2. Að stefndu, Signý og Gunnar Örn, verði dæmd til að greiða in solidum 135.594,33 kr. auk ársdráttarvaxta skv. ofanefndum lagagreinum frá 26.10. 1988 til greiðsludags. Gerð er og sú krafa, að dæmt verði, að

dráttarvextir leggist á höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 26.10. 1989, sbr. fyrrnefnda lagatiltvun.

3. Þá er krafist málskostnaðar af 1. og 2. tölulið skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum sérstökum söluskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla nefndra vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og áðurgreinda árlega vaxtauppfærslu."

Dómkröfur stefnda Gunnars Arnar Péturssonar eru:

„Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ ásamt drv.

Til þrautavara: Verði stefndi Gunnar dæmdur til greiðslu, verði málskostnaður til handa stefnanda skertur."

Sáttaumleitanir fyrir dómi báru ekki árangur.

Við munnlegan málflutning breyttu stefnandi og stefndi dómkröfum sínum þannig, að í stað kröfu um söluskatt á málskostnað var krafist virðisaukaskatts skv. lögum nr. 50/1988.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að 3. apríl 1986 hafi hann, stefndi Gunnar Örn og Jón Sigurðsson tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld stefndu, Signýjar, við Margréti K. Guðmundsdóttur skv. skuldabréfi, að höfuðstól 170.000,00 kr., óverðtrygððu. Sjálfskuldarábyrgðin náði einnig til vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar, sem af vanskilunum kynni að leiða. Skuld þessa átti að greiða með fjórum jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, hina fyrstu 3. október 1986. Vegna vanskila féll skuldabréfið í eindaga strax á fyrsta gjalddaga, og 26. maí 1988 var gerð um það dómsátt í bæjarþingi Reykjavíkur við Signýju, Gunnar Örn, Jón og Kolbein, að þau greiddu þáverandi eiganda bréfsins, Iðnaðarbanka Íslands, skuldina. Í sáttinni var ákvæði þess efnis, að félli ein greiðsla niður, væri öll skuldin í gjalddaga fallin. Fyrsti gjalddagi skv. sáttinni var 1. júlí 1988, en þá var ekkert greitt og því öll skuldin gjaldfelld. Stefnandi leysti til sín skuldabréfið 26.10. 1988 með hinni umstefndu fjárhæð. Hann telur sig eiga endurkröfu, að fjárhæð 406.738 kr., á Signýju og þriðjung þar af, 135.594,33 kr., á hendur Gunnari Erni. Einnig eigi hann endurkröfu á hendur áðurnefndum Jóni, en geri ekki kröfur á hendur honum að svo stöddu.

Stefnandi visar máli sínu til stuðnings til ákvæða framangreinds skuldabréfs, dómsáttar, sem fylgdi í kjölfar greiðslufalls þess, og XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Stefnda, Signý Ólafsdóttir, tekur ekki til varna.

Af hálfu stefnda, Gunnars Arnar Péturssonar, er málavöxtum svo lýst,

að 2. apríl 1986 seldi hann Helga Sigurðssyni bifreiðina R-13392, Chevy Van, árg. 1976. Kaupverð bifreiðarinnar var greitt með skuldabréfi, útg. af konu kaupanda, þ.e. stefndu, Signýju Ólafsdóttur. Stefndi Gunnar gerði kröfu um sjálfskuldarábyrgðarmenn á skuldabréfið, og var stefnandinn, Kolbeinn, annar þeirra. Hinn 21.5. 1986 kaupir stefndi, Gunnar Örn, bifreiðina R-63984, Dodge Power Wagon, árg. 1978, á 500.000 kr. af Sigurði Stefánssyni og lætur m.a. upp í bifreiðina L-1232, Cherokee, árg. 1974, og framangreint skuldabréf. Nafn konu Sigurðar Stefánssonar, Margrétar Guðmundsdóttur, var vélritað sem kröfuhafa á skuldabréfið, og áritaði stefndi, Gunnar Örn, nafn sitt sem ábyrgðarmaður. Margrét og Sigurður seldu bréfið Iðnaðarbanka Íslands hf. Skuldabréfið var ekki greitt á gjalddögum, og var gerð dómsátt um skuldina 26.5. 1988. Stefnandi máls þessa leysir síðan bréfið til sín og krefur stefnda, Gunnar Örn, um $\frac{1}{3}$ hluta skuldabréfsins.

Stefndi telur, að tilvísun í 17. kafla laga nr. 85/1936 eigi ekki við hér, og í lagarökum hans segir m.a.:

„Ekkert er minnst á heimild til að beita 17. kafla, þegar um endurkröfumál sjálfskuldarábyrgðarmanns er að ræða, enda hefur skuldabréfið þá verið greitt af honum.

Enn fremur er ekki í texta umþrætts skuldabréfs neinn texti eða samningur í þessa veru.

Verður því að álykta sem svo, að 17. kafli eigi ekki við um málsmeðferð þessa. Verður því að fara ofan í viðskiptin að baki bréfinu, þ.e. samning stefnanda, Kolbeins, við stefnda um greiðsluábyrgð Kolbeins.

Þær lagareglur, sem hér eigi við, séu reglur samningsréttar, þ.e. viðskipti að baki, þ.e. stefnandinn, Kolbeinn, ábyrgðist gagnvart stefnda, Gunnari, að skuldabréfið yrði greitt. Við þetta verður hann að standa.

Hins vegar bar Gunnar enga ábyrgð gagnvart stefnanda, Kolbeini, skv. áðurnefndum málsástæðum.”

IV.

Í skuldabréfi því, sem mál þetta er risið af, er svohljóðandi ákvæði: „Mál út af skuld þessari, veðsetningu eða ábyrgð má reka fyrir bæjarþingi/auka-dómþingi Reyjavíkur samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936.” Hefur málið verið sótt á grundvelli þeirrar málsmeðferðar.

Svo sem áður er rakið, reisir stefndi, Gunnar Örn, sýknukröfu sína á því, að tilvísun í 17. kafla laga nr. 85/1936 eigi hér ekki við, þar sem um endurkröfumál sjálfskuldarábyrgðarmanns sé að ræða, heldur verði að athuga viðskiptin, sem lágu að baki skuldabréfinu.

Stefnandi hefur mótmælt því, að þessar varnir komist að í málinu.

Telja verður með vísan til ofangreinds ákvæðis skuldabréfsins, að heimilt

sé að reka mál þetta skv. 17. kafla laga nr. 85/1936 og því komist varnar-
ástæður stefnda, Gunnars, ekki að í máli þessu. Hann ber því ábyrgð á
1/3 hluta skuldarinnar sem einn af þremur sjálfskuldarábyrgðarmanna.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að stefnda,
Signý, er ein dæmd til að greiða stefnanda 271.188,67 kr. auk ársdráttar-
vaxta skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá
26.10. 1988 til greiðsludags.

Stefndu, Signý og Gunnar Örn, eru dæmd til að greiða in solidum stefn-
anda 135.594,33 kr. auk ársdráttarvaxta skv. ofangreindum ákvæðum frá
26.10. 1988 til greiðsludags. Í báðum tilvikum er dæmt, að dráttarvextir
leggist á höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 26.10. 1989, sbr. 12.
gr. vaxtalaga.

Þá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað in solidum,
95.000,00 kr., þ.m.t. virðisaukaskattur.

Þórdís Bjarnadóttir, settur héraðsdómari, kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Signý Ólafsdóttir, greiði ein stefnanda, Kolbeini Sigurðs-
syni, 271.188,67 kr. auk ársdráttarvaxta skv. 3. kafla vaxtalaga nr.
25/1987 frá 26.10. 1988 til greiðsludags. Stefndu, Signý Ólafsdóttir
og Gunnar Örn Pétursson, greiði in solidum stefnanda, Kolbeini
Sigurðssyni, 135.594,33 kr. auk ársdráttarvaxta skv. 3. kafla vaxtalaga
nr. 25/1987 frá 26.10. 1988 til greiðsludags. Dráttarvextir leggist á
höfuðstól á tólf mánaða fresti, í báðum tilfellum í fyrsta sinn 26.10.
1989.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað in solidum 95.000 kr., þ.m.t.
virðisaukaskattur.
